

sje heimilt að reikna með tímann, sem gengur til ferðalags til framkvæmdar gjörðinni.

59
20. júní

Um 2. Skoðunar- og virðingarmönnum bera, eins og þjer hafð tekið fram, auk borgunar fyrir skoðunar- eða virðingargjörð samkvæmt 8. gr. nefndra laga og 6. gr. laga nr. 33, 13. des. 1895, ennfremur milupeningar, 50 a. fyrir hverja milu á landi og hálfu milu á sjó, talið fyrir hvorn um sig frá bústað hans til þess staðar, þar er virðingar- eða skoðunargjörðin fer fram, þó ekki yfir 2 kr. fyrir hvorn, og auk þess 3 kr. hvorum á dag í fæðispeninga, ef þeir þurfa að vera í burtu frá heimilum sínum við virðingar- eða skoðunargjörðina *vegna fjarlægðar* meira en 10 klukkustundir. Milupeningana virðist eiga að telja þannig, sem þjer hafð tekið fram og áður er sagt.

Um 3. Sjá svarið upp á 1. fyrirspurnina.

Um 4. Um ritaragjaldið er jeg yður samdóma, að það verði að eins heimtað, ef um virðing eða skoðun á fasteign er að ræða, en hvorki við úttektir eða við virðing á lausafje.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku- 60
leyfi handa Sandaprestakalli. Með brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafð þjer, 26. júní
herra amtmaður, og þjer, herra biskup, sent hingað erindi frá síra Kristni Danielssyni að Söndum, þar sem hann beiðist samþykkis míns til þess að fá þannig lagada breyting á lántökuleyfi því upp á prestakallið — til hlöðubýggingar —, sem veitt var með brjefi mínu 26. jan. þ. á., að lánið megi ávaxtast með 5% í stað þess með 4%, og hafð þjer veitt erindi þessu meðmæli yðar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að jeg hjermeð veiti hið umbeðna samþykki.

Reglugjörð

fyrir Skagafjardarsýslu um fjallskil o. fl.

61
14. júní

Amtmaðurinn yfir Norðuramtinu

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, að amtsráðið í Norðuramtinu hefir á fundi sínum 5.—11. júní þ. á. staðfest og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRD

fyrir Skagafjardarsýslu um fjallskil o. fl., sem samín er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. 1901.